

1. Get ég haldið út  
því Jesús varaði við neyð?  
Gegnum kvalirnar  
hann sá þá gleði er hans beið.  
Guðs loforð, Guðs dómar,  
hans hugsun er hann leið.

*(VIÐLAG)*

*Við skulum reynast þolgóð  
og trúna verjum við.  
Hans ást gefur þann eldmóð  
sem þurfum og hún veitir innri frið.*

2. Ár sem líða hjá  
færa oft sorgir eða kvöl.  
Gegnum tregatár  
sjáum það líf sem á er völ.  
Sú gleði, það frelsi  
er laust við hryggð og böll.

*(Viðlag)*

3. Gefumst ekki upp,  
ótta og efa vísun frá.  
Trúföst þjónum við,  
brátt dagur Guðs mun bresta á.  
Við skulum því þrauka  
og endamarki ná.

*(Viðlag)*